

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 2005

30. ágúst 2005

1711

Nr. 791

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 5 og 6.

Á fundi sveitarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 7. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna Innnesvegur 1 í klasa 5 og 6 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur á lóð nr. 1 við Innnesveg, er stækkaður til norðurs sem nemur 5 metrum. Hámarksstærð byggingar verður 1.058 m² og nýtingarhlutfall 0,26. Bílastæði verða 66 talsins.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. ágúst 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

29. ágúst 2005

Nr. 792

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2005-2006.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2005-2006, verði kr. 192 á hvert kg af dalkakjöti.

Gutenberg